

# Frönsk grafík

úr safni Sorlier

frá

Musée des Sables-d'Olonne.

# Sorlier Collection

Musée des Sables-d'Olonne

Eins og orðið bendir til er lithografiá eða steinprint prentunaraðferð þar sem prentað er með steini, þykki kalksteinshellu, sem listamaðurinn teiknar á með feitri krít (nú á dögum er notað sink með svipaðri áferð og steinn). Þegar búið er að strjúka sýru á steininn og síðan væta hann með vatni eru það aðeins fletirnir með krítinni sem taka við svertunni og skilja eftir mynd á blaðinu.

Seneffeler, sem fann upp þessa aðferð í lok átjándu aldar, sá hana aðeins sem aðferð til fjölfoldunar en í upphafi nítjándu aldar tóku listamenn hana upp og hún hefur verið notuð óslitið síðan. Géricault og Delacroix gerðu nokkur frábær steinprint en það var tvímaðalaust Daumier sem beitti aðferðinni með bestum árangri. Steinprint var ekki lengur einvörðungu aðferð til þess að fjölfalda myndir. Það var komið í tísku sem sérstakt listrænt form með eigin forsendur. Steinprint í litum, sem var fullþróað sem tækni um 1840, opnaði málurum nýjar leiðir, einkum Toulouse-Lautrec, en myndir hans í móttum litum félle vel tæknilega að þessari aðferð.

Nokkur stór verkstæði áttu mikinn þátt í sögu steinprentsins. Frægast er tvímaðalaust Mourlot verkstæðið þar sem Charles Sorlier vann. Picasso og Chagall unnu myndir sínar á þessu verkstæði og síðan Manessier, Estève, Buffet og Poliakoff. Steinarnir voru settir upp í nánni samvinnu við starfsmenn verkstæðisins sem vissu hvernig átti að laga tæknina að óskum listamannsins.

Dannig varð Charles Sorlier vinur helstu listamanna Frakklands og vegna þessarar nánu tengsla lærdist honum flytja myndir yfir í steinprint, með öðrum orðum gera steinprint eftir málverkum eða collage-verkum en nota ekki steinprintsteikningu listamannsins sjálfss. Í þessu litla úrvali frá Musée des Sables-d'Olonne má finna fáein dæmi um þetta (Picasso, Laurens, Poliakoff).

Þessum verkum, sem hér hafa verið valin, er ekki aetlað að vera nema lítið sýnishorn af heildargjöf Charles og Pierrette Sorlier, en þau gáfu rúmlega fimmhundruð steinprint úr safni sínu og verður þessi gjöf brátt afhent Musée des Sables-d'Olonne og sýnd þar í eins konar sérstöku safnhúsi innan safnsins sjálf. Þetta safn kemur til með að ná yfir sögu listgreinar sem nú er um tvöhundruð ára gömul.

1. Bernard BUFFET (1928) "Le cri" (Opið) 1967

Upphaflegt steinprent í lit á handgerðan pappír (vélin d'Arches) unnið af Charles Sorlier eftir málverkinu "Le cri". Árituð og dagsett frummynd, tileinkuð Musée des Sables-d'Olonne. Prentuð 500 eintök. Stærð 71 x 51 sm.

BUFFET var sérlega bráðþroska franskur málari sem orðinn var nafnkunnur strax 1948. Hann er einna þekktastur þeirra málara í París sem mála hlutbundið og varð á fimmáratugnum fyrir miklum áhrifum af hreyfingu sem kölluð hefur verið "Misérabilisme" ("hryggðarmynda-stefna"): eymdargrá, hvöss og stingandi form og grófir pensildrættir einkenna stíl hans. Síðustu tuttugu og fimm ár hefur verið cinstaklega mikið um endurtekningar í myndefni Buffets.

2. Marc CHAGALL (1887-1985) "Roses et Mimosas" (Rósir og mímósur) 1967

Upphaflegt steinprent í lit á handgerðan pappír (vélin d'Arches) unnið af Charles Sorlier eftir málverkinu "Roses et Mimosas". Árituð frummynd, tileinkuð Musée des Sables-d'Olonne. Prentuð 150 eintök. Stærð: 74 x 53 sm.

3. Marc CHAGALL "Femme au Bouquet" (Kona með blómvönd) 1967

Upphaflegt steinprent í lit á handgerðan pappír (vélin d'Arches) unnið af Charles Sorlier eftir málverkinu "Femme au Bouquet". Árituð frummynd, tileinkuð Musée des Sables-d'Olonne. Prentuð 150 eintök. Stærð: 74 x 53 sm.

4. Marc CHAGALL "Sirène et poisson" (Hafmey og fiskur) 1967

Upphaflegt steinprent í lit á handgerðan pappír (vélin d'Arches) unnið af Charles Sorlier eftir málverkinu "Sirène et poisson". Árituð frummynd, tileinkuð Musée des Sables-d'Olonne. Prentuð 150 eintök. Stærð: 74 x 53 sm.

CHAGALL er einn virtasti vinsælasti málari í Evrópu á tuttugustu öld. Hann fæddist í Vitebsk í Rússlandi en nam málaralist í Sankti Pétersborg. Hann varð fyrir áhrifum frá kúbisma á árunum 1910-14 í París. Hann var settur kommissar fagurra lista í Vitebsk-héraði 1917 og stofnaði þar akademíu. Hann sagði stöðu sinni fljótega lausri og vann fyrir leikhús í Moskvu en sneri aftur til Parísar 1923. Þá var hugmyndaríkur stíll hans fullmótaður. Hugsýnir hans hafa haft mikil áhrif á súrealista. Þó að Frakkkland yrði land Chagalls setti það ætið mikið svipmóti á list hans að hann var Rússi og Gyðingur að uppruna. Hann notaði sterka liti og flest myndefni hans voru skáldlegar eða draumkenndar minningar um lífið í Vitebsk. Ævistar Chagalls var feikimikið. Auk þess að hann málæði myndir úr hugarheimi sínum þá myndskreytti hann bækur, vann í leir og gerði leikmyndir, mósaíkmyndir og steinda glugga.

5. CUECO (Henri AGUILERA) (1929) "Demain les chiens" (Á morgun hundarnir) 1971

Fullgilt prent, ekki ætlað til sölu, áritað, tileinkað Musée des Sables-d'Olonne, árituð. Stærð: 50.5 x 65.5 sm.

CUECO Franskur málari og teiknari. Málar hlutbundið og raunsætt. Eftir hann liggja olífu- og akrýlmálverk og vatnslitamyndir.

6. Honoré DAUMIER (1808-1879) "M. Arlépaire" (Skopmynd) 1833

Mynd úr tímaritinu "La Caricature", 1833, nr. 136. Mynd nr. 280.

Stærð: 36.6 x 26.5 sm.

DAUMIER vann sem skopmyndateiknari við tímaritið "La Caricature", en það var stofnað 1830. Árið 1832 var hann settur í fangelsi fyrir að teikna Lúðvík Filip konung sem Gargantúa. Eftir að "La Caricature" var bannað 1835 fór hann til blaðsins "Charivari" og og teiknaði f það og önnur skopblöð um 4.000 steinprent. Flestar myndir hans eru fullar af nifstandi háði um stjórnsmál og þjóðsfélag. Vatnslitamyndir hans sem sýna dómstóla og daglegt líf eru gjörsneyddar rómantískri fegrún á fáttæktinni. Stór olfumálverk hans, sem mörg fjalla um myndefnið Don Quixote, eru unnin með djarfri og frjálslegri pensilskrift og skörpum skilum ljóss og skugga. Síðustu ár ævi sinnar var hann blindur en málarinn Corot ól önn fyrir honum og bjargaði honum frá örþingð.

7. Raoul DUFY (1877-1953) "Les régates" (Kappsiglingin)

Upphaflegt steinprent í lit á handgerðan pappír (vélin d'Arches) unnið af Charles Sorlier eftir málverkinu "Les régates". Aritað. Stærð: 75.5 x 52.5 sm.

DUFY málaði sem neo-impressjónisti fram til 1905 þegar "Fauve"-stefnan kom honum til þess að taka upp einföld form og bjarta liti (einkum hafði mynd Matisse, "Luxe, Calme et Volupté", mikil áhrif á hann). Hann teiknaði vefnaðarmynstur og leirkir og þróði fjörlegan, skrautlegan stil sem hafði afbragðsvel myndefni hans - skrúðgötum, kappakstri og kappsiglingum o.s.frv. Hann notaði óvenjuleg tæknibrögð svo sem hvíta flekki fyrir skugga og hraða og örugga pensilskrift. Verk hans eru meðal annars í Lundúnnum (Tate Gallery og Courtauld Institute, New York (Museum of Modern Art) og París (Musée National d'Art Moderne), auk þess stórá söfn í Le Havre og Nice.

8. Maurice ESTÈVE (1904) "Rapa" 1973

Upphaflegt steinprent í lit á handgerðan pappír (vélin d'Arches). Eintak frá listamanninum. Aritað, tileinkað Musée des Sables-d'Olonne. Prentað í 60 eintökum og 10 eintökum handa listamanninum á japanskt bókfell og eitt-eintak á Nepal-pappír. Stærð: 66 x 50 sm.

ESTÈVE er fæddur í Culan (Cher) af frönsku foreldri. Hann lærdi í París 1913-1922, hann er aðallega sjálfþærður í listinni, en sótti frjálsa tíma í listinni í Académie Colarossi í París 1924. Hann vann sem mynstruperteiknari í vefnaðarverksmiðju í Barcelona 1923 en sem óháður myndlistarmaður í París frá 1924. Líkt og Lapicque, Le Moal og Lanskoy hóf Maurice Estève feril sinn með skáldlegum natúralisma sem keppti að því að víkka út hefð kúbismans með því að auðga litasamspilið og auka tjáningarmátt formsins. Myndbyggingin, innanstokksmyndir og uppstillingar, sem voru aðalviðfangsefni hans á milli 1930-40, voru síðan grundvöllurinn að abstraktmyndum hans í stil "tach-istanna" síðar. Litir hans hafa alltaf verið djarfir og fjörmiklir án þess að það komi niður á fínleikanum.

9. Henry LAURENS (1885-1954) "Composition" 1916

Upphaflegt steinprent í lit á handgerðan pappír (vélin d'Arches) unnið af Charles Sorlier eftir málverkinu "Composition". Áritað cintak, tileinkað Musée des Sables-d'Olonne. Stærð: 65 x 44 sm.

LAURENS var kúbískur myndhöggvari. Myndir hans eru oft uppstillingar og minna um margt á collage. Frá 1911 var hann í sambandi við Picasso, Braque, Léger, Gris og aðra kúbísku málara og stóð þannig að því, eins og Lipchitz, að þróa kúbísku höggmyndalist. Rétt fyrir 1930 urðu myndir hans raunsærri, einkum þegar hann fékkst við efni úr grískri goðafræði. Hann myndskreytti einnig nokkrar bækur. Laurens á verk í Lundúnnum (Tate Gallery) og París (Musée National d'Art Moderne).

10. Alfred MANESSIER (1911) Nafnlaus mynd Ótímasett

Upphaflegt steinprent í lit á handgerðan pappír (vélin d'Arches). Stærð: 50 x 38 sm.

MANESSIER er ólskur mörgum öðrum abstraktmálurum að því leyti að ýmsar myndir hans hafa trúarlegt inntak. Hann dró sig í hlé í þagnarmunkaklaustrið í Soligny og hefur unnið gert steinda glugga í kirkjurnar í Bresseux (Jura), Arles og Basel (1953). Mynd hans af þýrnikrýningu (Musée d'Art Moderne í París) er greinilega runnin af hugleiðingu um þíslarsöguna en ekki er eins auðséð sambandið milli myndar hans Salve Regina og hins fræga latínusáalms frá ellestu öld. Manessier á verk í Basel, Brussel, Lundúnnum (Tate Gallery, New York (Guggenheim Museum), Oslo, París, Pittsburgh, Róm, Stokkhólmi, Torino, Washington (Philips Collection) og víðar.

11. André MASSON (1896-1987) "Regard sur Paris" (Litið yfir París) 1960

Upphaflegt steinprent í lit á handgerðan pappír. Áritað einþrykk. Stærð: 43 x 33 sm.

MASSON var franskur málari. Eftir nám við Académie des Beaux-Arts í Brussel kom hann til Parísar að ráði skáldsins Verhaeren en 1922 kynntist hann listverkasalanum Daniel Henri Kahnweiler sem gerði honum kleift að snúa sér algjörlega að málaralist. Á tímabili höfðu kenningar kúbista áhrif á hann. Táknræn mynd, "Les Quatre Eléments", sem Kahnweiler sýndi á Galerie Simon 1924 vakti athygli André Breton og annarra súréalista og Masson var tengdur hreyfingu þeirra nokkur ár. Masson var mikill hugsuður og þróaði persónulega táknmálsfræði sem er túlkuð með hreinum og þróttmíklum línum.

12. Henri MATISSE (1869-1954) "Gouache découpée" (Gvassklippimynd) um 1945

Upphaflegt steinprent í lit eftir collage-myndinni "Gouache découpée". Charles Sorlier prentaði á handgerðan pappír. Áritað cintak frá listamanninum. Prentuð 125 cintök. Stærð: 71.5 x 49 sm.

MATISSE er einn mesti listamaður þessarar aldar og markar tímamót f listinni. Djarfar tilraunir hans með liti ollu straumhvörfum og upp af þeim rennur mest af þeirri þróun sem síðan varð í listinni. Matisse fór að mála tiltölulega fullorðinn þegar hann var að jafna sig eftir veikindi. Málaralistin varð honum strax besta tjáningin og hvíld frá daglegu amstri. Eftir stutt skeið sem forystumaður fauvistanna mótaði Matisse sérstæðan eigin stil þar sem hann sameinar einfaldleika Cézanne áhrifamikilli litameðferð. Matisse sá listasýningu frá Austurlöndum nær í München og það er ljóst að þessi skrautlega og

litríka list hafði djúp og varanleg áhrif á hann, sérstaklega þegar hann fór að mála fingerð munstur með arabeskum og blómskreyttum bakgrunni og nota gljáandi og hreina líti sem annaðhvort koma hlið við hlið eða eru aðgreindir með mjóum hvítum útlínum. Síðasta meiri háttar verk hans var veggskreyting í kapellu dóminskönku nunnuklaustri í Vence. Síðustu ár sín, þegar hann var orðinn ellihrumur og heilsuveill, vann hann fjölda klippmynda úr mislítum pappír með gvass og litkrift.

13. Pablo PICASSO (1881-1973) "Venus et l'amour voleur de miel"

Venus og Amor hunangsþjófur

Steinprent í litum eftir málverkinu Venus og Amor hunangsþjófur eftir Cranach eldri, unnið af Henri Deschamps 1957. Árituð eintak frá listamanninum, tileinkað Musée des Sables-d'Olonne. Stærð 75.5 x 55.5 sm.

PICASSO fæddist í Malaga, sonur myndlistarkennara. Þegar í barnæsku sýndi hann einstaka hæfileika. Hann heimsótti París árið 1900 en þar ríkti heillandi og upplifsgandi andrúmslofti í listum. Í æsku verkum meistarans má greina áhrif frá Lautrec, Gauguin, van Gogh og Steinlen. Síðar varð blái liturinn ríkjandi í myndum hans og hefur það verið nefnt Bláa tímabilið og lýsa þessar myndir oft niðurlægingu og óhamingju fátæks fólks á götum Parísar. Í gegnum ólgusjó áhrifa frá samtímanum rennur heimafenginn straumur: teygðar línlur gotneskra höggmynda Katalónfu og ítaliskur manierismi, einfaldaðir litir og vafningalaus tökk Velasques, Zurbaran og Goya.

Árið 1907 kynntust þeir Picasso og Braque og 1909 fundu þeir að þeir horfðust í augu við sömu vandarmál og voru að reyna að leysa þau á sama hátt. Saman mótuðu þeir stefnu sem kölluð er analytiskur kúbismi (skilgreinandi kúbismi). Leiðir þeirra skildust 1914 með deilum (þar greri síðan aldrei um heilt). Eftir 1917 kom fram í verkum hans afturhvarf til hefðbund-inna viðhorfa og að lokum tengsl við fornöldina og rómverskan klassisisma með röð stórbrot-inna nektarmynda, málverka og teikninga. Næstu ár hélt Picasso áfram með þessar afskræmi-legu og órólegu myndir á þeim tíma sem venjulega er kallaður breytingaskeið hans en á þeim tíma varð hann fyrir nokkrum áhrifum af Miró og Tanguy. Skömmu síðar byrjaði hann á myndaröð um nautaat en hámarkið var harmþrungið myndmálið í myndinni "Guernica".

Eftir heimstyrjöldina síðari bjó Picasso lengst af í Suður-Frakklandi þar sem hann einbeitti sér um hríð að leirlist (keramik) en hann málædi einnig stóra veggmynd fyrir UNESCO-bygginguna í París. Enginn hefur valdið róttækari breytingum á listinni.

14. Serge POLIAKOFF (1906-1969) "Composition Orange" (Appelsínur) Ótímasett

Upphaflegt steinprent í lit eftir málverkinu "Composition Orange" unnið af Charles Sorlier á handgerðan pappír (vélin d'Arches). Árituð frummynd, tileinkað Musée des Sables-d'Olonne. Stærð: 48 x 37 sm.

POLIAKOFF fæddist í Moskvu, sonur efnaðra foreldra. Hann fluttist úr landi 1919 og vann fyrir sér mörg ár sem gítarleikari, settist að í París og fór að mála 1930. Hann starfaði í Lundúnnum við Slade School á árunum 1935-37 en þegar hann sneri aftur til Parísa kynntist hann Kandinsky 1937 og Delaunay 1938. Upp frá því málædi hann abstraktmyndir. Hann varð síðar fyrir áhrifum af Malevich sem málædi öllu stærðfræðilegri myndir. Hann gerði einnig steinprent í lit.

- 15 Georges ROUAULT (1871-1958) "l'Ecuyère" (Reiðmaðurinn) (1939)  
Steinrent eftir málverkinu "l'Ecuyère", unnið af Henri Deschamps. Áritað eintak, tileinkað Musée des Sables-d'Olonne. Stærð: 48 x 37 sm.

ROUAULT er einn mesti málari Evrópu á tuttugustu öld. Rouault kom 1891 inn í École des Beaux-arts, þar sem hann var nemandi Gustave Moreau frá 1892-1895. Hann hafði áður lokið námstíma sínum á glerverkstæði sem vann steinda glugga. Þó að hann sýndi á hinni frægu Fauve-sýningu 1905 gekk hann ekki á hönd neinni ákvæðinni liststefnu en þróaði einn hreinasta og persónulegasta expressjónisma sem um getur. Fyrir 1908 málaði hann aðallega með vatnslitum og gvass en sneri sér ekki að olfumálverkum fyrr en eftir 1918. Eftir hann liggja líka mörg grafíkverk. Myndraðir hans með ætingum, upphaflega gerðar fyrir tvær bækur, "Guerre" (Stríð) og "Miserere" (Miskunna þú oss) frá 1917 til 1927 voru gefnar út 1948 undir nafninu "Miserere". Hann gerði einnig steinrent og ætingar í lit.

16. Antoni TAPIES (1923) "Lettre X" (Bókstafurinn X)  
Upphaflegt steinrent í lit á handgerðan pappír (vélin d'Arches). Áritað eintak, ekki ætlað til sölu. Prentuð 75 eintök. Stærð: 38 x 28.5 sm.

TAPIES stundaði lagánám áður en hann varð einn helsti abstraktmálari Spánverja. Hann hóf að mála 1946 og fór til Parísar 1950. Þekktustu myndir hans eru aðallega unnar með sandi sem er hrærður út í málningu, oft eru síðan skrapaðar rákir í málninguna - myndir hans minna oft á fjöru eftir að fallið hefur út.

17. Henri de TOULOUSE-LAUTREC (1864-1901) Nafnlaus mynd 1976  
Auglýsingarspjald eftir Toulouse-Lautrec. Tileinkað Musée des Sables-d'Olonne.  
Stærð: 76 x 56 sm.

TOULOUSE-LAUTREC, ef til vill mesti graffiklistamaður síns tíma, er viðfrægur fyrir nýstárleg, litrisk auglýsingaspjöld sín fyrir skemmtistaði í París. Hann náði hæst sem málari og auglýsingateiknari rétt upp úr 1890 áður en ofdrykkja og ólifnaður gekk of næri honum. Auglýsingaspjöld Lautrecs voru steinrentuð. Þar sem prenta þarf hvern lit með sínum steini notaði hann aðeins þrjá til fjóra litir í hverja mynd, en það féll vel að einfaldleika teikninga hans og gaf myndum hans áhrifamátt. Lautrec var snjall við handverk sitt, hann vann af kappi í prentsmiðjunni og kom jafnvél með nýjungar í tækninni. Með fjórum litum skapaði hann myndir fullar af lífi- og grófri kímni. Lautrec var snilddarmálari sem heldur í málverkum sínum graffískum listbrögðum sem einkenna öll verk hans.

18. Maria Elena VIEIRA DA SILVA (1908) "La ville" (Borgin) (1965)  
Upphaflegt steinrent í lit á handgerðan pappír (vélin d'Arches). Áritað og dagsett einþrykk. Prentað í 75 eintökum. Stærð: 38.5 x 28.5 sm.

VIEIRA DA SILVA portúgalskur abstraktmálari. Hún stundaði nám í París frá 1927 og settist að þar. 1930 giftist hún ungverskum abstraktmálarar, Arpad Szenes. Um tíma var hún nemandi Roger Bissière. Hún flutti til Brasilíu 1939 en flutti aftur til Parísar 1947. Síðan 1946 hefur hún haldið margar sýningar í New York, París og

Lundúnum og verk hennar eru á helstu söfnum nútímalistar í Evrópu og Ameríku.

19. Maurice de VLAMINCK (1876-1958) "La Meule" (Heysátan) (1949)  
Upphaflegt steinrent á handgerðan pappír (vélin d'Arches). Áritað prufuþrykk.  
Stærð: 38. 5 x 28.5 sm.
20. Maurice de VLAMINCK "Terre Labourée" (Brotið land) (1949)  
Upphaflegt steinrent í lit á handgerðan pappír (vélin d'Arches). Áritað prufuþrykk.  
Stærð: 38. 5 x 28.5 sm.
- VLAMINCK, sem var einn fauvistanna, hafði vinnustofu með Derain. Hann skrifaldi, spilaði á fiðlu, keppti í hjóreiðum, elskandi hraða, mannþyrpingar og almennar skemmitir. Hann kynntist verkum van Gogh 1901, svertingjastyttum 1904, Cézanne 1907 og lýsti því yfir að kúbismi væri ófrjó yfirmenntastefna! Eftir fauvisma sinn málaði hann aðallega landslag í stormi þar sem tilfinningin er expressjónísk og dökkir skuggar, sterk ljósbrigði og sundurtætt sky eru sýnd með tekni sem einkennist af djörfum pensildráttum og þykkri áferð.
21. Charles LAPICQUE (1898) "Le tigre dans la jungle" (Tígrisdýrið í frumskóginum)  
Ótímasett.  
Upphaflegt steinrent á handgerðan pappír (vélin d'Arches).
- LAPICQUE á ættir að rekja til vísindamanna. Hann vann sjálfur við rannsóknir í ljóseðlisfræði við Sorbonne og fyrir 1942 málaði hann aðeins í fristundum sínum. Lapicque fann upp stílinn "bláu grindina" (Style de Grille Bleue) sem var tekið með kostum og kynjum í París 1941. Samt sem áður var það ekki einvörðungu þessi stíll með nýjum skilningi á lit sem hreif sam-tíma listamenn í París heldur einnig myndbygging hans sem fíll í mjög góðan jarðveg. Í verk-um Lapicque, sem eru mikil að vöxtum, gætir margra grasa, þar eru myndir af tígrisdýrum og ljónum, tennisleik, fjölmargar landslagsmyndir frá Bretagne, hver með sínum svip, mikilfeng-legar landslagsmyndir, myndir af kappsiglingum, veðreiðum, sögulegum persónum og nokkru seinna myndaraðir frá Feneyjum og Róm. Þótt Lapicque sé nú kominn undir nírætt heldur hann enn áfram að vinna að mynd eftir mynd, myndaröð eftir myndaröð eins og hann hefur alltaf gert.

Dessi sýning er haldin í samvinnu við Menningarmáladeild franska sendiráðsins.

Menningarmálanefnd Reykjavíkur:

Hulda Valtysdóttir, formaður  
Elín Pálmadóttir  
Ingibjörg Rafnar  
Kristín Ólafsdóttir  
Ragnheiður B. Guðmundsdóttir.

Fulltrúar listamanna í Menningarmálanefnd Reykjavíkur:

Guðrún Gunnarsdóttir  
Selma Guðmundsdóttir

Forstöðumaður Kjarvalsstaða:

Alfreð Guðmundsson

Listrásunautur listasafna Reykjavíkurborgar:

Gunnar B. Kvaran

Þýðing og prófarkalestur:

Aðalsteinn Davíðsson